

Tillaga til sveitarstjórnar um útsvar og fasteignaskatt 2025

A. Útsvar

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall árið 2025 verði jafnt lögbundnu hámarki sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 eins og þau eru á hverjum tíma.

Við gerð samþykktar þessarar er gert ráð fyrir að hámarkshlutfallið verði 14,97% frá 1. janúar 2025.

B. Fasteignaskattur

a) 0,50% af álagningarstofni íbúðarhúsa, útihúsa og sumarbústaða ásamt lóðarleiguréttindum og jarðeigna skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

b) 1,32% af álagningarstofni opinbers húsnæðis, skv. b-lið 3. gr. laga nr. 4/1995.

c) 1,50% af álagningarstofni allra annarra fasteigna og lóða skv. c-lið 3. gr. laga nr. 4/1995.

C. Lóðarleiga

a) Íbúðarhúsnæði: 1,70% af fasteignamati lóðar.

b) Atvinnuhúsnæði: 2,00% af fasteignamati lóðar.

Afsláttur af fasteignaskatti ellilífeyrisþega og öryrkja sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 og reglur Dalabyggðar:

Elli- og örorkulífeyrisþegar, með lögheimili og búsetu í Dalabyggð, njóta afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjaldi, sem lagt er á íbúðarhúsnæði í eigu viðkomandi enda hafi hann þar búsetu og hafi ekki af því leigutekjur.

Afsláttur eelli- og örorkulífeyrisþega getur þó að hámarki verið 85.000kr.- árið 2025. Afslátturinn er tekjutengdur.

Við ákvörðun afsláttar skulu notaðar eftirfarandi viðmiðanir:

Einstaklingar		
Tekjur	Kr.	Afsláttur
Allt að	5.355.099	100%
Allt að	6.155.099	75%
Allt að	6.955.099	50%
Allt að	7.755.099	25%
Hjón / sambýlisfólk		
Tekjur	Kr.	Afsláttur
Allt að	8.602.590	100%
Allt að	9.402.590	75%
Allt að	10.202.590	50%
Allt að	11.002.590	25%

Þessar fjárhæðir miðast við árstekjur (heildartekjur) tveimur árum fyrir álagningu (2023), sbr. skattframtal árið fyrir álagningu (2024) og gilda fyrir lækkun fasteignaskatts á álagningarári (2025).

Innheimta

Fasteignagjöldin verða innheimt með greiðsluseðlum sem hægt er að greiða í hvaða banka, sparisjóði eða netbanka sem er. Gjaldendum er einnig bent á þann möguleika að láta viðskiptabanka sinn sjá um beingreiðslur á fasteignagjöldum.

Veittur er 5% staðgreiðsluafsláttur séu öll gjöld greidd fyrir 15. febrúar. Hámarksafsláttur er kr. 30.000,-

Fjöldi gjalddaga er almennt 8, sá fyrsti 5. febrúar og sá síðasti 5. september. Ef heildargjöld greiðanda eru undir kr. 12.000 þá er einungis einn gjalddagi 5. apríl. Ef heildargjöld greiðanda af fasteignagjöldum (án viðbótarkostnaðar) eru lægri en 250 kr. eru þau ekki innheimt.

Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga. Ef fasteignagjöldin eru ennþá ógreidd mánuði eftir eindaga verða þau send í innheimtu.

Álagningarhlutfall útsvars og fasteignagjalds 2025 samþykkt á 252. fundi sveitarstjórnar þann 17.12.2024 og afsláttur af fasteignaskatti ellilífeyrisþega og öryrkja uppfærður á xxx. fundi byggðarráðs þann X.1.2025.

Björn Bjarki Þorsteinsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar